

Fundur með Foreldrafélagi og bekkjartengiliðum

Mánudagurinn 12 október 2015 kl.18:00

Staður: Árskóli

Dagskrá

1. Verkefni / hlutverk tengiliða
2. Samskipti milli heimilis og skóla
3. Tilnefning í skólaráð

1 - 2 Hópnum var skipt upp og voru liðir 1 og 2 til umræðu. Hér eru helstu niðurstöður:

Mappa:

Sett verði upp mappa fyrir hvern árgang, sem fylgir svo þeim árgangi, þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Hlutverk tengiliða
- Foreldrahandbók heimilis og skóla - þar geta tengiliðir aflað sér upplýsinga um hvert á að leita varðandi ýmis málefni (í viðauka 10 má finna hugmynd að hlutverki bekkjartengiliða http://www.heimilhogskoli.is/wp-content/uploads/2013/11/HS_Handbok_grunnskola.pdf)
- Dagskrá fyrir bekkjarkvöld hjá hverjum árgangi. Sumir viðburðir eru sérstaklega merktir sem fastir viðburðir, t.d. alltaf bingó í 5. bekk, og svo hugmyndir að öðrum viðburðum. Hugmynd um að foreldrar væru alltaf með á öðru bekkjarkvöldinu.
- Myndir frá viðburðum og jafnvel umsagnir tengiliða sett í möppuna
- Listi yfir núverandi tengiliði

Möppu skal skilað til ritara í lok skólaárs og fá þeir tengiliðir sem taka við bekknum næst hana í upphafi skólaárs.

Facebook:

Tengiliðir sjá til þess að facebook hópur sé til fyrir foreldra í hverjum árgangi. Tengiliðir skulu vera stjórnendur bekkjarsíðunnar og sjá til þess að allir foreldrar séu þar inni og eyða út þeim sem eru fluttir. Einnig skal tengiliður senda póst á þá sem ekki eru á facebook til að láta þá vita ef eitthvað sérstakt er í gangi. Einnig skal tengiliður láta skóla vita ef þess þarf.

Annað sem kom fram:

- Foreldrar hvattir til að fara með í lengri/styttri ferðir á vegum skólans
- Bekkjarkvöld og foreldra“hittingar“ án aðkomu skólans
- Tengiliðir taki þátt í öskudegi - verkefni verði fyrirfram útteild af foreldrafélagi
- Tengiliðir beiti sér fyrir söfnun ef eitthvað vantar
- Útivistardagar sem tengiliðir kæmu að

- Tengiliðir haldi umræðufundi með foreldrum, án kennara. Hægt að koma á framfæri spurningum við tengiliði fyrirfram. Tengiliður tekur svo saman umræðu kvöldsins og kemur henni áfram til skólans ef þess þarf.

Næstu verkefni:

- Núverandi tengiliðir í samráði við kennara senda til ritara upplýsingar um hvað hefur verið gert (hefð) í hvaða árgangi og hvaða viðburði þeir vilja setja inn á „viðburðadagatalið“.
- Uppfæra þarf lista yfir tengiliði á heimasíðu skólans
- Gera flipann fyrir Vinaliðaverkefnið sýnilegri - þar inni eru hugmyndir að leikjum, afmælum, vínahópum o.fl. (rætt var um að nauðsynlegt væri að hafa hugmyndabanka á heimasíðu)
- Tengiliðir hittist og stilli upp hlutverki tengiliða

3. Tilnefning í skólaráð

Tilnefnd voru í skólaráð Sólveig B. Fjólmundsdóttir, Guðmundur Helgi Loftsson og Helga Fanney Salmannsdóttir til vara.